



© Morgunblaðið/RAX

## Fróðleikur

Jörðin er 4600 milljón ára gömul. Hún er stöðugt að þróast og breytast, lönd að færast til, ný að myndast, nýjar lífverutegundir að koma fram og deyja út. Okkar tegund manna kom fram fyrir um 200 þúsund árum og miðað við aldur Jarðar er augnablik síðan það var. Náttúran getur vel verið án manna en fólk er algjörlega háð náttúrunni með allar sínar þarfir.

Ísland myndast á skilum jarðskorpufleka. Í eldgosum kemur þar upp kvika og myndar nýtt berg sem mjakast frá skilunum. Eldgos mynda fjöll og hraunbreiður og ný hraun og fjöll kaffæra þau eldri. Elsta berg á Íslandi er í fjöllum á Vesturlandi og Austfjörðum og er um 16 milljón ára gamalt. Í jarðlögum á þessum svæðum má finna steingervinga plantna sem sýna að loftslag var stundum miklu hlýrra en nú. Þá uxu á landinu tré sem nú vaxa í Suður-Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu svo sem Japan.

Fyrir um 5 milljónum ára fór að kólna og jöklar að myndast, fyrst á hálendi. Það kólnaði stöðugt og fyrir 2 milljónum ára var landið þakið jökli sem náði út í sjó. Eldgosin héldu áfram undir jöklinum en vegna íssins gat hraunið ekki runnið frá gígunum. Eldurinn bræddi ísinn og vatnið úr honum kældi hraunið svo að það storknaði í berg sem heitir móberg og hlóðst upp við gíginn. Ísöldin var ekki samfelld heldur rofin með um 20 hlýskeyðum. Síðasta hlýskeyð ísaldar var fyrir 130–110 þúsund árum. Fyrir 110 þúsund árum hófst síðasta jökulskeyðið. Hámark þess var fyrir 20–18 þúsund árum. Fyrir 14 þúsund árum fór hitastig að hækka og jöklar að hopa. Þegar ísöld lauk hófst nútími, fyrir um 11500 árum. Þegar farg jökulsins lá ekki lengur á landinu jókst eldvirkni og var í fyrstu um 30 sinnum meiri en nú.



Þegar ísöld lauk voru mjög fáar lífverur á Íslandi. Fræ plantna bárust frá útlöndum með vindum og fuglum. Sjávardýr, eins og selir, voru ekki lengi að finna landið, refir komu með ís frá Grænlandi en önnur landdýr komust ekki til landsins fyrr en með mannum. Í fyrstu var tiltölulega hlýtt á Íslandi en fyrir um 2500 árum kólnaðu nokkuð og lofslag varð svipað og það er enn. Fyrir um 1200 árum kom fólk til landsins. Hvað eru þessi 1200 ár stór hluti af 16 000 000 milljón ára sögu Íslands? Hvað hefur breyst á þeim tíma?

## Verkefni

Tiltölulega stutt er síðan maðurinn kom til sögunnar bæði þegar horft er til aldurs Jarðar sem og tilvistar Íslands.

Yngsta stig: [Íbúðin Ísland](#)

Mið- og unglingsstig: [Saga Íslands stikuð](#)

## Ítarefni:

[50 ára afmæli Jarðar](#)

[Verkefni um steingervinga](#)

[Leikur um flekaskil](#)

## Nokkur verkefni um þráð tímans:

[Þróun lífs á Jörðu](#)

[Jarðsaga og aldur fjalla](#)

[Leiðin frá Höfn til Reykjavíkur og þróun Jarðar](#)

## Landnám Íslands, lífríki og fólk:

Bókin [Komdu og skoðaðu landnámið](#) og [ítarefni á vef](#)

Bókin [Komdu og skoðaðu land og þjóð](#) og [ítarefni á vef](#)

Umhverfisvefurinn [Heimurinn minn](#)